

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 22. febrúar 2007

**Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um trjáræktarsetur sjávarbyggða.**

Skógrækt ríkisins fagnar tillögunni og hvetur eindregið til að hún verði samþykkt. Jafnframt er lagt til að eftirfarandi málsliði verði bætt við tillöguna:

*Trjáræktarsetur sjávarbyggða í Vestmannaeyjum heyrir undir Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins.*

**Rök:**

Með þessu fyrirkomulagi er verið að fela Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá að reka trjáræktarsetrið í Vestmannaeyjum og mundi það gerast með sérstakri fjárveitingu á fjárlögum. Þar með yrði ríkisstofnunum ekki fjölgað, tryggð yrðu fagleg tengsl við aðrar skógræktarrannsóknir í landinu og tilvist setursins yrði tryggð með eyrnamerktri fjárveitingu. Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins hefur haft útibú á Akureyri í um áratug og hefur það gefist ágætlega. Ekkert er því til fyrirstöðu að svipað gildi um Vestmannaeyjar fái til þess fjárveiting.

F.h. Skógræktar ríkisins

---

Þröstur Eysteinnsson  
Sviðsstjóri Þjóðskóganna